

Kennsluáætlun í íþróttum - 8. Bekkur
Skólaárið 2025-26
Kennari: Birnir Guðbrandsson

Kennsluaðferðir og markmið:

Í íþróttum er boðið upp á fjölbreytta hreyfingu og leiki. Þar reynir meðal annars á hæfileika nemenda til þess að vinna saman, fylgja leiðbeiningum og tileinka sér nýja hluti. Þar eru nemendur kynntir fyrir ólíkum íþróttum, farið í einstaklings- og hópleiki sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð, mati á aðstæðum og tillitssemi.

Áhersla er lögð á aðferðir þar sem nemendur fá fræðslu um mikilvægi þess að vinna saman og fylgja settum leikreglum. Jafnframt fá nemendur fræðslu um hreyfingu, mataræði, hugarfar og snjalltækjanotkun og áhrif þess á líkamlega og andlega heilsu. Nemendur eru hvattir til að tileinka sér jákvætt hugarfar.

Kennari aðlagar kennsluhætti að proska og getu hvers nemenda sem og áskoranirnar þar sem það á við. Kennari aðstoðar nemendur við að ná settum markmiðum.

Unnið er með hópnum tvisvar í viku í um það bil 40 mínútur í senn. Einu sinni er hópurinn inni í íþróttasal í íþróttahúsi ÍFR og einu sinni er unnið í styrktarþjálfun í lyftingasal ÍFR. Í styrktarþjálfun er áhersla lögð á form, tækni og að gæta fyllsta öryggis.

Einnig verður unnið úti þegar veður leyfir.

Námsmat:

Þátttaka og hugarfar
Samskipti við samnemendur og kennara